



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **sept.** Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. sept 2019**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:	
Mánudaga	Kl. 19-20
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18



Á Bókasafni Hrunamanna er tölva fyrir almenning sem tengd er internetinu, 30 mínútur á 150 kr.

Krakkar ! Á bókasafninu má finna fjölbreytt efni fyrir sumarlesturinn ☺


Minum á að alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628


Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á



VERIÐ VELKOMIN



Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

6. ágúst-15. ágúst

Mánud-föstud: 13:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00.

Vetraropnun:

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi.

6-16. ágúst opið: mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30

Vetraropnun:

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00



Sveitarstjórapistill

Nú er kominn ágúst og styttist í að haustrútínan taki við, skólar byrji og sumarfrístíminn endi. Það verður hins vegar að segjast að sumarið í ár hefur slegið öll met hvað varðar veðurfar og flest að betri gerðinni. Hins vegar er engin rós án þyrna og þyrnirinn er að menn verða að bera virðingu fyrir kaldvatnsauðlindinni því bæði hafa vatnsból gefið eftir og vatnsnotkun á köflum óþörf og óskynsamleg. Góðu fréttirnar eru þó þær að kerfin okkar stóðust prófið en við þurfum að umgangast þessa auðlind af skynsemi.

Verslunarmannahelgin fór vel fram að mínu mati og var með svipuðu sniði og í fyrra. Ég vil þakka öllum sem héldu utan um skipulag á dagskrá helgarinnar og öðrum sem hjálpuðu til við verkefnið sem og Bessa sem var verkefnisstjóri viðburða helgarinnar. Dagskráin var fjölbreytt, mjög metnaðarfull og höfðaði greinilega til mikils fjölda fjölskyldufólks. Gæsluaðilar og lögreglan stóðu sig með sóma og í raun og veru komu ekki upp veruleg vandamál um helgina. Þá vil ég hrósa þeim sem sáu um tiltekt á svæðinu en ég vil meina að ásýnd Flúða og sveitarfélagsins sé góð eftir þessa mestu ferðahelgi sumarsins hér í sveit. Ég held að núna séum við búin að finna uppsetningu sem hentar okkar og sátt er um.

Úrgangsmál er endalaus umræðuvettvangur sumarsins og okkur sýnist að það sé verðugt verkefni að fá gesti og gangandi til að flokka þó tilfinningin sé sú að flestir íbúar séu að standa sig. Ég held að hluti veruleikans sé sá að fólk verður að skilja að það ber ábyrgð á sínum málum, þ.e. við sem leggjum til úrganginn berum ábyrgð á að koma því sem eftir stendur á rétta staði. Varðandi praktísk mál varðandi málaflökkinn þá var í júní almennt sorp og grófur úrgangur um 59 tonn, lífrænn úrgangur 2,5 tonn og blátunnuefni 15 tonn. Kostnaður við eyðingu almenns úrgangs var um 3 millj., lífræns úrgangs 50 þús. og blátunnuefnis 0. Það er því ljóst hvar verkefnið liggur ef við viljum ná niður kostnaði við málaflökkinn.

Annað málefni tengt þessu er átak Heilbrigðiseftirlitsins um hreinsum lóða og svæða en það er komið á fullt skrið í okkar sveitarfélagi og byrjað að hafa samband við fólk um þetta. Sem betur fer hafa ýmir brugðist vel við og sem dæmi má nefna að í júní tók Fura frá okkur 128 tonn af járnri sem kostaðar okkur ekki neitt fyrir utan vinnu verktaka upp á gámasvæði. Ég hvet fólk til að huga að þessum málum og koma óþarfa járnri og bílum í þennan farveg.

Annað umhverfisátak sem ég er ánægður með er grisjum aspa og hreinsun rötarskota frá Stóru-Laxá að Flúðum og vil ég hrósa Sigga í Ásgerði fyrir framtak og góða vinnu við þetta. Sveitarfélagið beitti síðan veraldarvinnum til að halda í horfinu fram að Miðfellsöxl en til að þetta verði í lagi til framtíðar þarf væntanlega árlega að halda rötarskotum í skefjum. Á vettvangi sveitarstjórnar hefur að venju verið rólegt sumar en verkefni ársins í farvegi. Þá þarf að fara að huga að skipulagi verkefna næsta árs og yfirfara fjárhagsáætlun þessa árs og undirbúa það næsta. Fasteignamat í Hrunamannahreppi fyrir árið 2020 hækkar að meðaltali um 4,9% sem er hóflegt og er gott að mörgu leyti að ekki séu of miklar sveifur í fasteignamati en stígandi lukka er best.

Verkefni sumarsins mjakast síðan áfram. Búið er að leggja malbik á götu í Vesturbrún og þar ætlum við líka í leiðinni bæta aðstöðu og aðgengi að kjallara í Heimalandi. Síðan á eftir að ganga frá gangstéttum í Vesturbrún og einnig að leggja malbik á gangstíg frá skóla að Melum. Þá verður lagt malbik á afleggjarann inn í Iðjuslóð. Búið er að vinna í gólfum í kennsluálmum í Flúðaskóla og verið að taka hluta salerna í gegn. Þá hefur líka verið nóg að gera í veituhlutanum, bæði í heitu og köldu vatni og þá rjástlast inn verkefni hjá Hrunaljósi en fyrstu sumarhúsin voru að tengjast ljósleiðaranum. Það var einnig gaman að sjá hvað vel tókst til með að setja upp ærslabelginn í Lækjargarðinn og einnig var strandblakvöllurinn fluttur í garðinn frá tjaldsvæðinu. Okkur sýnist að Lækjargarðurinn öðlist nýtt líf við þetta og síðan verður örugglega hægt að hnýta einhverju við garðinn góða.

Það var gaman að fá pólska sendiherrann í heimsókn um daginn en hann er á yfirreið um landið að spjalla við sveitarfélögin um stöðu síns fólks. Í Hrunamannahreppi eru 98 af 804 íbúum með pólskt ríkisfang en 23% af íbúum er með erlent ríkisfang. Næst stærsti hópurinn kemur frá Rúmeníu en þau eru um 45. Það er ljóst að þessi staða er komin til að vera og við þurfum áfram að vinna í að taka vel á móti þessu góða fólki sem er okkur svo mikilvægt.

Það tókst vel að halda 17. júní hátíðarhöldin og þakka ég nefndinni og þeim sem að stóðu fyrir sitt framlag. Það er síðan gaman að geta geta veitt viðurkenningar fyrir góða hluti og vil ég óska Eyþóri Orra Árnasyni til hamingju með að vera valinn íþróttamaður Hrunamannahrepps 2018 og þeim Gunnlaugi og Áslaugu í Miðfelli með umhverfisverðlaunin og Leikskólanum Undralandi fyrir umhverfishrósið

Að lokum vil ég minna fólk á að huga að umhverfi sínu, klippingum á trjám og gróðri til að auðvelda aðgengi og stuðla að almenntri snyrtimennsku á öllum sviðum.

Ég vil óska öllum góðra sumarloka og eigum gott haust saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Ég kem ekki til með að auglýsa fasta tíma í sumar, en alltaf er hægt að hringja og panta tíma hjá mér.

Tímapantanir í síma: 863 0433.

Allir velkomnir
Með sumarkveðju



Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur

Átak í gangi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Nú stendur yfir átak hjá Heilbrigðiseftirlitinu og sveitarfélögum á Suðurlandi um hreinsun lóða og svæða. Vonast er til að eigendur/umráðamenn bregðist vel við og geri átak í hreinsun þar sem það á við.

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opnið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Höskuld frá landnámi

Ferð eldri borgara á vegum Kvenfélagsins

Kvenfélag Hrunamannahrepps býður eldri borgurum sveitarinnar í skemmtiferð miðvikudaginn 14. ágúst. Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu kl. 10:00.

Að þessu sinni verður farið í Bása í Þórsmörk. Þar grillum við pylsur og eigum góða stund saman. Hafið með ykkur reiðufé til borga sameiginlegan kostnað.

Fararstjóri verður Einar Magnússon sem er okkur öllum að góðu kunnur frá því að farin var Fjallabaksleið syðri.

Á heimleiðinni borðum við tveggja rétta kvöldverð á Stracta Hótel á Hellu.

Vinsamlegast pantið í ferðina í síðasta lagi laugardaginn 10. ágúst hjá Björgu í Hvammi í síma: 864 6639/ 486 6639 eða Sigu í Laxárhlið í síma 846 6776/ 486 6634.

Með bestu kveðjum og hittumst hress og kát.

Nefndin

Ærslabelgurinn í Lækjargarðinum



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Seyrudreifing á afréttinum



Vesturbrúnin malbikuð.



VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímapantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðaþjónustu
og viðburði í Uppsveitunum



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir,
holdanautakjöt, eldis-
silungur, heimagerðar
sultur og flatkökur,
Arna laktósafríar
mjólkurvörur og margt
fleira.

Vegetables, herbs,
Angus beef, brown
trout, homemade jams
and flatbreads, Arna
lactose free dairy and
variety of other
products.

Melum, Flóðum
Hrunamannshrepp

@litlamelabudin
www.facebook.com/litlamelabudin/





Strandblaksvöllurinn í Lækjargarðinum á Flúðum

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími 2019

Mánudaga til föstudaga: 09:00-20:00

Laugardaga : 10:00-20:00

Sunnudaga: 10:00-20:00

Verið velkomin

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið alla daga frá kl. 18.00 - 21.30

*Frá og með 19. apríl, er opið
alla daga frá kl. 11.00 til 21.30*

Open everyday from 18.00 – 21.30

From the 19th of April: 11.00 – 21.30

Verið velkomin!
Everyone welcome!

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is





Matseðill Farmers Bistro

Sælkerahláðborð - kaffi & te innifalið	2.390 kr.
<i>Innifalið í sælkerahláðborði er sveppasúpa með hvítum matarsveppum, kastaníusveppum og portobello sveppum. Heimabakað hvítlauksbrauð, súrdeigsbrauð og byggbrauð. Papríku- og chilli sulfa, smjörsteikir svappir með timían, papríku og sveppa tapenade, marenaðir svappir, smjör, sveppasmjör og hvítlauksmjör.</i>	
Kjúklingasalát með engifer- og chilli dressingu	2.490 kr.
Lambasveppabaggi með fersku salati og kaldri kryddjurta dressingu	2.490 kr.
Portobelloborgari með fersku grænmeti og hvítlauks- og basílsósu NÝTT !	2.490 kr.
Ketóborgari 140 gr Kjöt frá Koti með fersku grænmeti, osti, sjurdum rjóma, Salsa úr íslenskum tómatum, guacamole og chorizo NÝTT !	2.190 kr.
Grænmetisbuff með fersku salati & hvítlauksbasílsósu	2.100 kr.
Barnaréttir	990 kr.
Eftirréttir	
Sveppaís	1.190 kr.
Gulrótaris	1.190 kr.
Gulrótar/byggkaka með ostakremi & gulrótar marmelaði	1.190 kr.
Drykkir	
Georg - ferskur gulrótardrykkur	950 kr.
Georg mikli - ferskur gulrótarkokteill	1.500 kr.
Friðrik mikli - paprikusnafs	1.050 kr.
Ísaföld gin & tonic	1.590 kr.
Hvítvín og rauðvín	1.390 kr.
Bjór	950 kr.
Bjór frá Ölvisholti	1.200 kr. / 1.400 kr.
Gos	350 kr.
Appelsínusafi og eplasafi	250 kr.
Kaffi og te	350 kr.

Flúðir um Versló





Virkjaðu hæfileikana

Máttur kvenna er nám fyrir konur sem vilja öðlast þekkingu og færni í rekstri fyrirtækja.

Kennsla fer fram í fjarnámi þar sem nemendur geta sjálfir stjórnað því hvenær horft er á fyrirlestra og verkefni unnin, allt eftir hentugsemi hvers fyrir sig.

Í fararbroddi í fjarnámi
Nánari upplýsingar á bifrost.is



Umsóknarfrestur er til 20. ágúst